

## **Besta staðsetning Landspítalans sparar rúma 100 milljarða króna að núvirði**

Hópur áhugafólks sem kallar sig „Samtök um betri spítala á betri stað“ hefur gert fjárhagslegan samanburð á þeim kostum að stækka Landspítalann við Hringbraut, stækka spítalann í Fossvogi, eða byggja nýjan spítala frá grunni á besta mögulega stað. Útreikningarnir taka til heildaráhrifa þar með talið sölu eigna sem Landspítalinn nýtir núna og losna þegar starfsemin flyst í nýja húsnæðið, nauðsynlegri fjárfestingu í umferðarmannvirkjum sem er mismunandi mikil eftir stöðum, lægri rekstrarkostnaði í sameinuðum spítala og síðast en ekki síst lægri ferðakostnaði notenda, það er starfsmanna, sjúklinga og aðstandenda. Þessa útreikninga hefur KPMG yfirfarið og góðkennt.

Í stuttu máli er ljóst að mun hagkvæmara er að byggja nýjan spítala frá grunni á besta mögulega stað heldur en að byggja við Landspítalann við Hringbraut og gera upp gömlu byggingarnar, þær sem nýtanlegar eru. Samanburðurinn sýnir að heildarhagkvæmni þess að byggja á besta stað er á núvirði yfir 100 milljarðar króna umfram að byggja við sjúkrahúsið við Hringbraut. Hér er um mikla hagsmuni að tepla fyrir landsmenn alla sem bæði greiða kostnaðinn og njóta þjónustu spítalans. Mikilvægt er að þeir sem fara með opinbert fé f.h. skattgreiðenda skoði málin vel áður en það verður of seint. Efna þarf til nýs faglegs staðarvals fyrir spítala framtíðarinnar með aðkomu óháðra fagaðila.

### **Um hópinn**

Hópurinn var stofnaður í apríl 2015 í þeim tilgangi að freista þess að koma í veg fyrir það stórslys sem yrði ef stækkun („nýs“) Landspítala verður að veruleika við Hringbraut. Í hópnum eru aðilar víða að úr þjóðlífinu; viðskiptafræðingar, læknar, verkfræðingar, forstjórar, arkitektar og tæknifræðingar, háskóla fólk, frumkvöðlar og fjölmargir aðrir, sem láta sig málið varða. Frá því í byrjun apríl 2015 hafa um 4.400 manns þegar gengið til liðs við málstaðinn á FB-síðu Samtaka um betri spítala á betri stað.

### **Afstaða fólks**

Í könnum á facebook sem gerð var í lokuðum hópi lækna við Landspítalann í febrúar 2015 sögðust yfir 70% vera mjög eða frekar ósátt við nýjan Landspítala við Hringbraut. Núverandi forstjóri spítalans segist hefði valið annan stað, margir þingmenn hafa efasemdir og forsætisráðherra telur rétt að reikna út „þó ekki væri nema á servíettu“ hvernig aðrir kostir koma út í samanburði við Hringbraut.

Margir heilbrigðisstarfsmenn veigra sér við að taka opinberlega afstöðu vegna atvinnuhagsmuna og þrýstings um að tjá sig ekki gegn staðsetningunni við Hringbraut þar sem sátt sé nauðsynleg til að unnt sé að hefja framkvæmdir. En einmitt vegna þess hve vanburða byggingaráformin eru dragast framkvæmdir. Væri meiri samhljómur um áformin væru þau líklega lengra komin.

Það er von hópsins að með faglegri nálgun náist betri samhljómur og það verði til þess að landsmenn fái betri spítala á betri stað, fyrr og fyrri minna fé en væri við Hringbraut.

### **Gamla staðarvalið var ekki trúverðugt og er núna algerlega úrelt**

Áform um stækkun Landspítalans við Hringbraut má rekja til ársins 2002. Lítið gerðist í mörg ár, en seint á árinu 2007 var skipuð sjö manna nefnd til að endurmeta ákvörðun um staðsetninguna. Nefndin skilaði niðurstöðu í greinargerð árið 2008 (*Skýrsla\_LSH\_Február\_2008.pdf*) ekki sem var gerð opinber fyrr en í apríl á þessu ári þegar Samtök um betri spítala á betri stað gengu eftir því við velferðarráðuneytið að fá hana afhenta. Skýrslan er fáeinar blaðsíður. Ljóst er af henni að upphaflegar forsendur um staðarval byggðu á veikum grunni:

- Nefndin staðfestir Hringbraut sem besta kostinn. Hún telur samt að ein af forsendum staðarvalsins séu stórfelldar vegaframkvæmdir sem kosta myndu marga milljarða króna.
- Nefndin telur nálægð við Háskólann og Þekkingarþorp í Vatnsmýrinni mikinn kost. En menntun heilbrigðisstarfsfólks fer að mestu fram á spítalanum og daglegar ferðir þar á milli eru tiltölulega fáar.

## Betri spítali á betri stað

- Nálægð við Reykjavíkurlflugvöll var talinn kostur. En tölfraedin sýnir að það eru bara um tvö sjúkraflug að meðaltali á sólarhring um völlinn. Í samanburði við þær 18.000 ferðir sem verða á sólarhring að/frá spítalanum eru það fáar ferðir. Meginstraumurinn til og frá spítalanum kemur eftir Suðurlandsvegi, Vesturlandsvegi og Reykjanesbraut, ekki síst þeir sem fluttir eru í sjúkrabílum, m.a. í forgangsakstri. Leiðin er ekki greiðust til LSH við Hringbraut, og allra síst á álagstímum. Það vita sjúkraflutningamenn.
- Nálægð við miðbæinn var talinn kostur því spítalinn myndi styrkja hann. Nú hefur dæmið snúist við. Spítalinn hamlar nauðsynlegri þróun miðbæjar og Þingholta, t.d. ferðaþjónustu.
- Fossvogi, Vífilstöðum og Keldum var hafnað aðallega á forsendum umferðarvandamála! Það er undarleg ályktun svo ekki sé meira sagt.
- Staðsetning við voga Elliðaánna og á Höfðasvæðinu var ekki skoðuð.
- Ekki var tekið tillit til þungamiðju búsetu á höfuðborgarsvæðinu og ferðakostnaðar notenda. Um 70% íbúa Reykjavíkur búa í austurhluta borgarinnar. Ferðatími mun því styttest verði spítalanum valinn nýr og betri staður.
- Mismunandi byggingarkostnaður spítalans á mismunandi stöðum var ekki skoðaður.

Vaxandi ferðamannastraumur, hækkandi fasteignaverð í 101, þróun búsetu, hagkvæmnirök og fleira knýja á um endurmat á staðsetningu spítalans. Framundan er frekari þétting byggðar. Í framtíðinni verður byggt til austurs og norðurs, og til suðurs meðfram ströndinni í átt til Suðurnesja. Þetta, ásamt fjárhagsrökunum, styður nauðsyn þess að velja spítalanum stað austar í borginni. Endanleg ákvörðun ræðst af rökstuddum tillögum sérfræðinga í skipulagsmálum, m.a. í ljósi þeirra atriða sem hér er bent á.

### Staðsetning skiptir sköpum um gæði spítalans og hagkvæmni



Þungamiðja búsetu á höfuðborgarsvæðinu er í Fossvogi, skammt frá Elliðaárvogum. Hringbrautin er um 4 km frá henni. Einn af hugsanlegum stöðum fyrir nýjan spítala er öðru hvoru megin við voga Elliðaánna. Þar eru byggingarsvæði í mótun sem eru aðeins í um 1 km fjarlægð frá búsetumiðju höfuðborgarsvæðisins og liggja vel við stofnbrautum. Gatnamót Miklubrautar og Sæbrautar eru slamt frá og einnig fyrirhuguð Sundabraut með góðum vegtengingum út úr borginni.

Meðalvegalengd ferðar á spítalann myndi styttest um 3 km og spara þannig árlega um **3 milljarða króna**, bara vegna ferðakostnaðar notenda. Á næstu áratugum mun fjölgun íbúa og eldri borgara tvöfalda notendafjölda spítalans. Því mun þessi kostnaðarliður vaxa.

Í mörgum tilvikum skiptir vegalengd á bráðadeild líka miklu fyrir bata sjúklinga. Líklegir sem „bestu staðir“ eru vogar Elliðaánna, Ártúnshöfði, Keldur og Vífilstaðir. Þessa og fleiri kosti þarf að bera saman faglega og taka með í reikninginn fleiri atriði en gert var í fyrra staðarvali.

### Markmið Aðalskipulags Reykjavíkur og spítalinn

Ef staðsetja á spítalann í samræmi við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 (AR 2010-2030) ætti að finna honum stað sem stuðlar að styttri ferðatíma, minni umferð, minni mengun og minni þörf fyrir ný umferðamannvirki.

Eitt markmið Aðalskipulagsins er að ný byggð aðlagist þeirri sem fyrir er í samræmi við menningarstefnu hins opinbera í mannvirkjagerð. Einnig er ákvæði í skipulaginu um að hús innan gömlu Hringbrautar verði ekki hærri en sem nemur 5 hæðum. Þá þarf að takmarka hæðina á hluta lóðarinnar vegna aðflugs að Reykjavíkflugvelli. Fyrir starfsemi sjúkrahússins er hagstætt að byggja talsvert á hæðina. Staðsetningin við Hringbraut takmarkar því starfsemi og gæði spítalans.

Aðalskipulagið bendir til að nýta beri tækifærið og færa þennan fjölmennasta vinnustað landsins austar, nær þungamiðju búsetu. Það mun draga úr umferðartöfum, stytta ferðatíma og næta nýtingu umferðarmannvirka.

### Umferðartafir munu kalla á gríðarlegar fjárfestingar

Landspítalinn starfar við Hringbraut, í Fossvogi og á um 17 öðrum stöðum víða á höfuðborgarsvæðinu. Verði hún öll flutt til Hringbrautar verða ferðir starfsmanna, nemenda, sjúklinga, aðstandenda og þjónustuaðila til og frá spítalanum um 18.000 á sólarhring. Það er talið auka umferð um meira en 10% í nágrenni spítalans. Það verður ofraun fyrir gatnakerfið sem þegar er sprungið á álagstímum.

Í Staðarvalsskýrslu frá 2008 (*Skýrsla\_LSH\_Február2008.pdf*) segir m.a.: „Tryggja þarf öruggari samgöngur úr suðri með því að flýta lagningu leiðar um Hlíðarfót við Öskjuhlíð eins og Aðalskipulag Reykjavíkur og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir. Sá vegur þarf að vera tilbúinn þegar starfsemi spítalans flyst úr Fossvogi.“ Þá hefur verið talað um Öskjuhlíðargöng og að setja Miklubraut í stökk á tveimur hæðum. Það er a.m.k. ljóst að nauðsynleg umferðarmannvirki munu kosta tugi milljarða króna.

Gatnagerð verður mun umfangsminni ef spítalinn verður staðsettur nær búsetumiðju höfuðborgarinnar nálægt helstu stofnbrautum. Mengun af völdum umferðar er oft mikil í nágrenni spítalans. Draga mun úr mengun verði spítalinn reistur austar vegna meiri umferðardreifingar.

### Um 100 sjúkrabílar á sólarhring, 200 í toppum

Að meðaltali munu um 100 sjúkrabílar koma að spítalanum á sólarhring, um 200 í toppum. Yfir 70% sjúkrabíla munu þurfa að aka langa leið gegnum borgina, oft í forgangsakstri með blikkandi ljósum og sírenuhávaða sem valda ónæði fyrir vegfarendur og íbúa. Nýr spítali austar í borginni mun stytta meðalvegalengd sjúkrabíla og stytta tímann vegna afkastameiri umferðaræða austar á höfuðborgarsvæðinu. Það myndi auka öryggi sjúklinga, bæta árangur í lækningum, valdar minni truflun fyrir borgarbúa og verða ódýrara fyrir landsmenn alla.

### Almenningssamgöngur og staðsetning

Samkvæmt gamla staðarvalinu frá 2002 styrkir fyrirhuguð samgöngumiðstöð á lóð BSÍ staðsetningu spítalans við Hringbraut. Því er haldið fram að margir starfsmenn búi í nágrenninu og geti gengið eða hjólað til og frá vinnu. En um 70% borgarbúa búa austan Grensásvegur og svipað hlutfall starfsmanna Landspítalans. Því munu fleiri eiga styttri leið að fara á spítalann rísi hann austar í borginni. Fleiri munu geta gengið og hjólað. Fyrir flesta er leiðin löng til Vatnsmýrar. Strætisvagnar munu eiga greiða leið til spítalans og ferðin á spítalann verður að meðaltali styttri en á Hringbrautina.

### Lóðin við Hringbraut hentar ekki spítala framtíðarinnar

Það er tafsam og kostnaðarsamt að byggja við gamla spítalann því það þarf að sprengja mikið fyrir kjöllum og göngum sem valda mun raski fyrir starfseminna. Mun auðveldara og framsýnna er að byggja spítalann á nýjum stað þar sem svigrúm til framkvæmda er nægt og hægt að stækka síðar þannig að spítalinn dugi næstu 50-80 ár.

### Lóðin við Hringbraut hentar hins vegar vel fyrir íbúðabygð

Það vantar sárlega íbúðalóðir nálægt miðbænum eins og umræða um byggð í Vatnsmýri og mikil umferð um Miklubrautina kvölds og morgna sýnir. Miðbær Reykjavíkur er nú eftirsóttur vegna ferðatengdrar þjónustu, hótela, gistingar, verslana og veitingahúsa og eftirspurn fer vaxandi. Sumt af núverandi húsakosti LSH mun nýtast til annarrar starfsemi sem hentar. Ef íbúðabygð og hótél rísa á Hringbrautarlóð LSH fylgja því margir kostir. Miðbær Reykjavíkur styrkist og verður friðsælli. Umferð minnkar sem sparar tíma, kostnað og minnkar mengun.

Íbúðaverð fer hækkandi á svæðinu. Um 30% starfsmanna spítalans búa í nálægum hverfum. Í framtíðinni mun þeim fækka sem hafa efni á því. Yfir 70% starfsmanna munu eiga heima nær spítalanum ef hann flyst austar á höfuðborgarsvæðinu.

### Fjárfesting og rekstur

Áætlanir Landspítalans sem lagðar voru fyrir Alþingi árið 2013 í tengslum við frumvarp um sjúklingahótel gera ráð fyrir að nýbyggingar og endurgerð eldri bygginga, verði þær við Hringbraut, kosti samtals 65,9 milljarða króna, á verðlagi ársins 2012 ef tveir fyrstu áfangar bílastæðahúss eru teknir með. Að frádreginni sölu eignanna í Fossvogi og Ármúla verði nettó kostnaðurinn 57,4 milljarðar króna. Miðað við samsvarandi byggingarmagn í Fossvogi yrði nettó kostnaður 55,6 milljarðar króna að frádreginni sölu eigna við Hringbraut og Ármúla. Ef byggt yrði frá grunni á besta stað kostaði samsvarandi byggingarmagn nettó 52,8 milljarða króna þegar reiknað er með sölu eignanna við Hringbraut, í Fossvogi og við Ármúla.

Söluverðmæti eignana á Hringbraut, í Fossvogi, Ármúla 1 og víðar, sem Landspítalinn hefur nýtt og losna við sameininguna, er samtals áætlað um 28,5 milljarðar króna. Nettó mun fjárfestingin verða álíka mikil hvort sem byggt er við á Hringbraut, í Fossvogi eða á besta stað, m.a. vegna minni og ódýrari gatnaframkvæmda heldur en við Hringbraut. Það sem mestu skiptir er þí að nýr spítali austar í borginni verður betri spítali og sparar notendum og skattgreiðendum fé sem nemur milljörðum króna. Samkvæmt reynslutölum eru opinberar byggingaframkvæmdir að meðaltali vanáætlaðar um 45% og það á líklega við hér líka og þá við allar upphæðirnar. Einnig þetta er nýjum stað í hag.

### Betri og ódýrari spítali ef byggt er nýtt frá grunni

Með því að bjóða út byggingu nýs spítala á besta stað í einu lagi og byggja í samfellu mun byggingarkostnaður lækka um a.m.k. 10% á hvern fm<sup>2</sup>. Við Hringbraut þarf að byggja í mörgum áföngum.

Samkvæmt opinberum upplýsingum frá Landspítalanum mun sameinaður spítali á einum stað lækka árlegan rekstrarkostnað um 3 milljarða króna. Nýr spítali austar í borginni mun ekki breyta þessu.

Ef byggt verður við Hringbraut takmarkar umhverfi og skipulag svæðisins hagræðingarmöguleika af margvíslegum ástæðum;

- margar gamlar og úreltar byggingar þarf að nota áfram,
- kostnaðarsamar, óhagkvæmar tengibyggingar þarf milli nýrra og gamalla bygginga
- takmarkarkaður fjöldi hæða þýðir að vegalengdir innan spítalans verða lengri.

Gríðarlegt hagræði felst í hönnun og byggingu spítala á opnu svæði án takmarkana í umhverfi. Sparnaður næst einnig vegna betra starfsumhverfis, minna álags, færri veikindadaga og minni starfsmannaveltu. Varlega áætlað verður rekstrarkostnaður í Fossvogi um **0,5 milljörðum króna** lægri en á Hringbraut. Verði hins vegar byggt á besta stað verður rekstrarkostnaður um **1,0 milljarði króna** lægri. Gera má ráð fyrir að nýr spítali í einni heildarhönnun á betri stað austar í borginni geti lækkað árlegan rekstrarkostnað um **3 til 4 milljarðar króna** árlega, allt eftir því hvaða staður verður valinn.

### Undirbúningskostnaður nýtist á nýjum stað

Undirbúningur að stækkun Landspítalans hefur staðið meira og minna frá aldarbyrjun og hefur meira en 3 milljörðum króna verið varið í verkefnið. Þarfagreining og kröfulýsing hefur farið fram þar sem lýst er hversu margar skurðstofur, sjúkrastofur og annað þarf, hversu stórar þær eiga að vera o.s.frv.

## Betri spítali á betri stað

Þó að þessi vinna hafi miðast við Hringbraut mun hún nýtast nýjum spítala á öðrum og hagkvæmari stað. Kostnaðurinn sem kominn er í verkefnið vinnst upp með hagkvæmari spítala á nýjum stað.

### Heildarútböð sparar milljarða

Þjóða má verkið út í heilu lagi og byggja í samfelldum áföngum. Það flýtir framkvæmdum um nokkur ár þegar á allt er litið, miðað við að byggt verði með bútasamsaðferð við Hringbraut, þar sem taka þarf tillit til gamalla bygginga og gera tímafrekar og kostnaðarsamar ráðstafanir til að trufla sem minnst spítalastarfsemina. Byggingaframkvæmdirnar sjálfar munu ganga hraðar fyrir sig og vinna upp tafir vegna umferðargreiningar, skipulagsvinnu og endurhönnunar. Á heildina litið getur nýr, betri og hagkvæmari spítali orðið til í einum áfanga á skemmri tíma en ef byggt verður við Hringbraut. Það er hreinlega hagkvæmt fyrir alla að byggja strax og í samfellu þó að fjármagna þurfi framkvæmdir með lánum eins og vikið er að hér fyrir neðan.

### Ný staðsetning flýtir framkvæmdum

Nýtt vandað staðarval, þar sem tekið yrði tillit til þeirra atriða sem hér eru nefnd, þarf ekki að taka nema 6-12 mánuði. Verði ákveðið í framhaldinu að flytja spítalann þarf að breyta skipulagi, sem gæti tekið 2-3 ár. Á sama tíma má hanna nýjan spítala og hafa hönnun tilbúna þegar skipulagsvinnu lýkur formlegri. Vinna sem þegar hefur verið lögð í undirbúnings- og skipulagsvinnu nýtist og flýtir fyrir. Í framhaldinu má bjóða verkið út. Sjálfar byggingaframkvæmdirnar þurfa ekki að taka nema um 2 ár. Takmarkanir vegna nærliggjandi sjúkrahúsbygginga og byggðar verða minni, sem einnig flýtir fyrir. Í heild mun verkið taka 5-6 ár sem er svipaður tími og gert er ráð fyrir á Hringbraut. Á þeim tíma verður hægt að koma upp nýjum, góðum og hagkvæmum spítala, á besta stað sem völ er á.

### Áhugavert tækifæri fyrir fjárfesta

Þar sem betri og hagkvæmari spítali á besta mögulega stað, mun spara samfélaginu yfir 4 milljarða króna á ári auk lægri stofnkostnaðar, er réttlætlanlegt að taka lán fyrir framkvæmdinni. Hagkvæmnin mun greiða lánið niður á um 20-30 árum. Verði hins vegar byggt upp við Hringbraut mun hagræði sameiningarinnar á einum stað ekki ná að vega upp vexti af láni, hvað þá afborganir.

Ekki er því ástæða til að ætla annað en að helstu lífeyris- og fjárfestingasjóðir landsins, sem skortir tilfinnanlega áhugaverð fjárfestingartækifæri um þessar mundir, muni gefa verkefninu ríkan gaum og falast eftir þátttöku í fjármögnun þess.

### Lokaorð

Betri spítali á betri stað, sem taka má í notkun fyrr og fyrir lægra fé eru allt veigamikil rök sem þeir sem höndla með opinbert fé, skattfé landsmanna, þurfa að velta alvarlega fyrir sér áður en ráðist er í byggingu óhagkvæms spítala við Hringbraut. Það þarf augljóslega að skoða staðsetningu nýja Landspítalans betur áður en lengra verður haldið. Hér eru margir tugir milljarða króna í húfi.

Á næstu síðu hefur að líta helstu útreikninga faghópsins sem hafa verið yfirfarnir og góðkenndir af endurskoðunarfyrtækinu KPMG.

F.h. Samtaka um betri spítala á betri stað,

Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur

Egill Jóhannsson, forstjóri

## Fjárhagslegur ávinningur af betri staðsetningu Landspítalans

Yfirfarið og staðfest af KPMG miðað við gefnar forsendur. Forsendurnar eru unnar út frá frumvörpum, skýrslum frá Nýr Landspítali og bestu vitund eins og skýrt er út í nótum bakvið einstaka reiti.

Liður/Staður	Hringbraut	Fossvogur	Besti staður
<b>Fjárfestingar</b>			
<b>Byggingarmagn í m<sup>2</sup>, sambærilegt notagildi</b>			
Nýbyggingar	77.049	119.639	141.270
Brýr, tengingar, vörumiðstöð, tækniús o.fl.	7.250	6.250	5.000
Eldri byggingar sem sumar á að endurgera	69.669	25.000	0
Samtals byggingarmagn fyrir utan bílastæðahús	153.968	150.889	146.270
<i>Hlutfall af heildar byggingarmagni á Hringbraut, minna vegna betri nýtingar</i>		98%	95%
Bilageymsluhús, ofan- og neðanjarðar (fyrri og seinni áfangar), fjöldi fm	53.400	53.400	53.400
Heildarmagn bygginga með sambærilegt notagildi	<b>207.368</b>	<b>204.289</b>	<b>199.670</b>
<b>Byggingarkostnaður í milljörðum króna</b>			
Nýbyggingar fyrir utan bilageymsluhús og bílastæði	47,7	71,2	82,8
Hlutfallslega ódýrari bilageymsluhús v/ staðsetningar		90%	80%
Bilageymsluhús og bílastæði	5,3	4,8	4,3
Heildarkostnaður nýbygginga	53,0	76,0	87,0
Endurgerð núverandi eldri bygginga	12,9	4,6	0,0
Samtals byggingarkostnaður brúttó	65,9	80,7	87,0
Sparnaður vegna hagræðis við framkvæmdir - %		5%	10%
Sparnaður vegna hagræðis		-4,0	-8,7
Byggingarkostnaður samtals	65,9	76,6	78,3
<i>Mismunur miðað við Hringbraut</i>	0,0	-10,7	-12,4
Sala á eignum (sem spítalinn þarf ekki eftir sameiningu, nettó)	-8,5	-21,0	-25,5
<b>Byggingarkostnaður nettó</b>	<b>57,4</b>	<b>55,6</b>	<b>52,8</b>
<i>Mismunur miðað við Hringbraut</i>		-1,8	-4,6
<b>Fjárfestingarþörf í umferðarmannvirkjum, lausleg áætlun</b>	<b>20,0</b>	<b>10,0</b>	<b>5,0</b>
<b>Fjárfestingar samtals, nettó</b>	<b>77,4</b>	<b>65,6</b>	<b>57,8</b>
<i>Mismunur miðað við Hringbraut</i>	0,0	11,8	19,6
<b>Lægri árlegur kostnaður</b>			
<b>Lægri rekstrarkostnaður vegna sameiningar og betri högunar húsnæðis</b>	3,0	3,5	4,0
Árlegt rekstrarhagræði miðað við Hringbraut	0,0	0,5	1,0
<b>Ferðakostnaður notenda í milljörðum króna</b>			
Fjarlægð frá þungamiðju búsetu m.t.t. tengibrauta, km	4	2	1
Áætlaður fjöldi ferða á sólarhring, eftir sameiningu	18.000	18.000	18.000
Ferðakostnaður á ári miðað við 158 kr/km í milljörðum króna	4,2	2,1	1,0
Árlegt hagræði notenda, miðað við Hringbraut	0,0	2,1	3,1
<b>Samtals árlegt hagræði miðað við Hringbraut</b>	<b>0,0</b>	<b>2,6</b>	<b>4,1</b>
<b>Samandregið hagræði á núvirði</b>			
Það kostar vissulega meira að byggja á öðrum stöðum en Hringbraut	0,0	-10,7	-12,4
En söluandvirði eigna vegur það upp	0,0	12,5	17,0
Fjárfesting í umferðarmannvirkjum er minna fjær miðbænum	0,0	10,0	15,0
Árlegur kostnaður er minni í nýju sérbyggðu húsnæði, núvirði hagræði	0,0	10,0	20,0
Ferðakostnaður notenda er lægri af styttri ferðum, núvirði hagræði	0,0	41,5	62,3
<b>Samtals núvirt hagræði m.v. Hringbraut</b>	<b>0,0</b>	<b>63,3</b>	<b>101,9</b>
<b>Hagræði skipt niður á þá sem njóta</b>			
Ríkissjóður þ.e. skattgreiðendur			23,6
Reykjavíkurborg, þ.e. útsvarsgreiðendur			16,0
Notendur, þ.e. starfsmenn, nemar, sjúklingar og aðstandendur			62,3
<b>Samtals núvirt hagræði</b>			<b>101,9</b>